

Fiskeldisfréttir

Ábyrgðarmaður: Valdimar Ingi Gunnarsson

2. ÁRGANGUR 5. TÖLUBLAD

NÓVEMBER 2013



AKVAGROUP™

FJARÐANET



Sjávarútvegsþjónustan



Fiskeldismaðurinn Benedikt Davíð Hreggviðsson sem ræður ríkjum í fóðrunarstöð Fjarðarlax í Tálknafirði.

Laxeldi á sunnanverðum Vestfjörðum

Patreksfjarðar-ráðstefnan

Dagana 3.-4. október var haldið í Félagsheimili Patreksfjarðar glæsileg ráðstefna „Fiskeldi í köldum strandsjó Íslands - tækifæri og ógnanir“. Á ráðstefnuna mættu um 170 manns og það sem vakti sérstaklega athygli hve mikinn áhuga ráðstefnan vakti hjá heimamönnum. Stór hluti at-hafnamanna af svæðinu mættu og voru þeir sérstaklega fjölmennir fyrir dag ráðstefnunnar.

Uppgangur á svæðinu

Það eru skiptar skoðanir á möguleikum Íslendinga á laxeldi. Sumir telja að aðstæður séu lakari hér en hjá samkeppnis-löndum og flutnings-kostnaður meiri. Ef marka má mætingu heimamanna virðist vera mikill áhug og trú á að laxeldi geti verið val-kostur í atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Því er ekki að neita að uppbygging laxeldis hefur haft mjög jákvæð áhrif á þróun á svæðinu og vakið vonir um að fólki fari

aftur að fjölga á sunnan-verðum Vestfjörðum.

Samkeppni um svæði

Það varpar ákveðnum skugga á jákvæða þróun á sunnanverðum Vest-fjörðum að mikil sam-keppni eru um eldis-svæði. Skortur hefur verið á samstarfsvilja og óheppilegar yfirlýsingar hafa m.a. verið í fjöl-miðlum. Vonum að það fari að breytast og lax-eldismenn fari að vinna saman - Það er allra hagur og ekki minnst fyrir laxeldisfyrirtækin.

Fjölmiðlaumfjöllun

Ráðstefna er ákveðin tímamót í laxeldi á Vest-fjörðum sem hefði mátt rata í meira mæli í fjöl-miðla. Það sem vakti e.t.v. mesta athygli fjöl-miðlamanna var létt-klæddur ráðstefnugestur á hóteli staðarins. Það lýsir e.t.v. vel á hvaða plani margir fjölmiðlar eru á Íslandi.

Framkvæmdastjóri Lands-sambands fiskeldisstöðva (LF) tók saman nokkrar punkta frá ráðstefnunni í grein sem birtist í Fiski-fréttum 7. nóvember undir heitinu „**Miklar vænt-ingar til sjókvíaeldis**“. Þar er að finna stutta samantekt m.a. af erindum þriggja erlendra aðila sem héldu erindi á ráð-stefnunni. Hægt er að sækja öll erindi sem flutt voru á ráðstefnunni á vef Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (sjá bls. 8).

Umhverfismál

Geir Helge Johnsen hjá Rádgivende Biologer AS í Noregi hélt ágætt erindi er fjallaði um burðarþol fjarða og vöktun á umhverfisað-stæðum. Fjarðarlíkan hefur verið þróað sem getur spáð um áhrif fisk-eldis á einstökum svæðum. Jafnframt er fylgst með staðbundnum breytingum lífríkisins í nágrenni við eldiskvíar með stöðugri vöktun.


Efnisyfirlit

Laxeldi á sunnanverðum Vestfjörðum	1
Sjávarútvegsskýrsla Íslandsbanka	4
Sporðminkar og lausaganga laxa	6
Einfalda þarf ferli leyfisveitinga og eftirlits	6
Sjávarútvegsráðstefnan 2013	7
Fiskeldi í köldum strandsjó Íslands	8

Ráðstefnur og fleira


Sjávarútvegsráðstefnan, 21.-22. nóvember

Umsóknarfrestur í AVS sjóðinn, 2 desember



Miklar breytingar hafa átt sér stað hjá Íslenskri matorku. Fyrirtækið er komið með nýja vefsíðu og einnig hefur átt sér stað mikil breyting á eigendum og starfsfólki.

<http://www.matorka.is/>



Laxar fiskeldi eru með vefsíðu. Fyrirtækið hefur í hyggju að vera með fiskeldi í Reyðafirði, Berufirði og Fáskrúðsfirði.

<http://laxar.is/>

Stuttar fréttir

- Þann 27. ágúst var grein í Morgunblaðinu undir heitinu „**Aðeins Stofnfiskur má flytja hrogn til Síle**“. Fram koma að Stofnfiskur flytur út laxahrogn fyrir rúman milljarð á ári. Hér skiptir megin máli gott heilbrigði hrognanna og afhending allt árið.
- Umræðan um laxeldi hefur oft á tíðum verið neikvæð fyrir greinina. Það þótt því ástæða að koma á framfæri jákvæðari tón og þann 2. september birtist grein í Morgunblaðinu eftir framkvæmdastjóra Landsamband fiskeldisstöðva greinin „**Laxeldi í sjókvíum eykur fjölbreytni atvinnulífs**“.
- Það var lítið lát á neikvæðri umfjöllun og þann 9. september birtist grein í Morgunblaðinu undir heitinu „**Lausaganga norska eldislaxa úr sjókvíaelði við Ísland**“, en nánar er fjallað um greinina á blaðsíðu 6.
- Þann 7. nóvember var opnuviðtal í Viðskiptablaði Morgunblaðsins við Kjartan Ólafsson framkvæmdastjóra **Markó Partners**. Fyrirtækið er með fyrirtækjaráðgjöf og greiningarvinnu tengda sjávarútvegi. Í greininni var mikið fjallað um fiskeldi en Markó Partners hefur m.a. aðstoðað kanadíska fyrirtækið Cooke Aquaculture sem er eitt af stærstu laxeldisfyrirtækjum í heiminum, við kaup á fiskeldisfyrirtækjum.

Framleiðslusvæði Ræktunarsvæði	Flokkun Svæðis	Tegund	Skelfiskstekja Opin til	Athugasemdir
Breiðafjörður - Kiðey	A	Kræklingur	3.7. 2013	Engin uppskera
Faxaflói - Stakksfjörður	A	Kræklingur	27.10. 2013	
Eyjaflói - Hrísey	A	Kræklingur	8.5. 2013	Starfsemi hætt
Hvalfjörður - Hvítaness	A	Kræklingur	11.5. 2013	Viðvörðun: Hætta á DSP eitrun
Mjólfjörður	A	Kræklingur	11.2.2013	Engin uppskera
Steingrímsfjörður - Hella	A	Kræklingur	18.11.2013	
Framleiðslusvæði Veidisvæði	Flokkun Svæðis	Tegund	Skelfiskstekja Opin til	Athugasemdir
Hvalfjörður	A	Kræklingur	1.6.2013	Viðvörðun: Hætta á DSP eitrun
Breiðafjörður	A	Ígulker	1.5.2014	
Faxaflói	A	Sæbjúgu	1.5.2014	
Húnaflói	A	Ígulker	8.5.2013	Veidum hætt
Þistilfjörður	A	Kúfiskel	18.1.2013	

Hér að ofan er yfirlit yfir ræktunarsvæði og veiðisvæði fyrir krækling sem Matvælastofnun fylgist með. Matvælastofnun birtir niðurstöður á ræktunarsvæðum kræklinga (bláskelja) fyrir þörungaeitur og eiturbörunga jafnóðum og þær koma í hús. Þessar niðurstöður segja til um hvort skel á tilteknu svæði sé neysluhæf og svæðið opið til nýtingar. Á sumum svæðum er eingöngu fylgst með eiturbörungum í sjó og í þeim tilfellum er eingöngu gefin út viðvörðun vegna hugsanlegrar eitrunar í skelfiski séu eiturbörungar yfir viðmiðunarmörkum. Niðurstöður greininga á eiturbörungum má einnig finna á heimasíðu Hafrannsóknarstofnunar.

<http://www.mast.is/default.aspx?PageID=0c7756af-459a-4338-a003-8663606d7ccc>

Ahliða þjónusta við fiskeldisfyrirtæki

• Þvottastöð
• Fiskeldispokar
• Kastnætur
• Fuglanet

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími: 4700 800 Fax: 4700 801

FJARÐA NET

Neskaupstaður / Fjáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is

fjardanet@fjardanet.is

Fjardanet er aðili að Hampidjan Group

Stuttar fréttir

- Í Morgunblaðinu birtist grein þann 26. september undir heitinu „**Hönnuðu fjarðstýrða neðansjávarborvél**“. Hér er um að ræða skrifufestingu sem m.a. hægt er að nota til að festa kræklingalínur. Hafbor á Siglufirði framleiðir búnaðinn. Nánari upplýsingar eru á vef félagsins www.hafbor.is
- Morgunblaðið hefur farið víðreisi um landið og fjallað um mannlíf og atvinnu í sjávarplássum. Í yfirliti yfir Þingeyri þann 5. september var m.a. fjallað um regnbogasilunguseldi Dýrfisks í Dýrafirði undir yfirskriftinni „**Regnbogasilungurinn fær fjögur tonn af fôðri á dag**“.
- **Sæbýli ehf.** á Eyrarbakka hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi og nýstárlegt framtak á sviði vísinda og atvinnumála. Sæbýli er að hefja framleiðslu á sæeyrum og sæbjúgum til útflutnings og nýtir til þess íslenskt hugvit, heitt vatn og hreinan sjó. Framleiðslan hjá Sæbýli er í samstarfi við Mátis. Frá þessu segir á vef Mátis (www.matis.is).
- Á vef Landssambands fiskeldisstöðva birtist þann 2. september grein „**Laxeldi í sjókvíum eykur fjölbreytni atvinnulífs og tryggir blómlegar byggðir**“. Þar er m.a. tekið fyrir jákvæð áhrif fiskeldis á landsbyggðinni, ófaglega umræðu, stefnu landssambandsins o.fl.

Ný bók - Lesefti fyrir sjókvíaeldi

Nýlega kom út bókinn „Efnis- og verkfærafræði veiðafæragerðar“. Þó bókinn sé ekki skrifuð sérstaklega fyrir fiskeldi er margt í henni sem getur nýst starfsmönnum sjókvíaeldisstöðva og kræklingaræktarstöðva.

Þetta er kærkomin bók fyrir „spottakarlana“ í íslensku fiskeldi. Eftirtaldir kaflar eru í bókinni:

- Efni og net í kaðla,
- Garn til netagerðar
- Kaðlar
- Vörur úr gerviefnum
- Merkingar á veiðafæravörum
- Dynema ofurefni
- Vírar og vírkaðlar
- Keðjur og tengihlutir
- Verkfæri í veiðafæragerð

Bókin er eftir Lárus Þór Pálmason (lp@nesnet.is) og er hægt að panta bókina hjá honum. Þetta er hefti í A4 stærð bundið inn í gorm. Áætlað verð 3.500,- kr.



Stuttar fréttir

- Þann 17. september birtist greinin „**Flúruseiðum vex fiskur um hrygg**“ á kvotinn.is með myndum. Viðtal var við Halldór Sigurðsson sem er framkvæmdastjóri Stolt Sea Farm Iceland. Fyrstu Senegalflúruseiðin komu í eldisstöð Stolt Sea Farm Iceland á Reykjanesi fyrir um þremur vikum og næsta sending kom fyrir viku. Framvegis er svo miðað við eina sendingu í mánuði. Seiðunum er klakið út á Spáni og hingað koma þau afar smá eða á lirlustigi.



Myndirnar eru teknar af www.kvotinn.is

Hágæða framleiðslubúnaður fyrir súrefni, óson og köfnunarefni

Framleiddur það á staðnum eftir þínum þörfum!

Engin flutningskostnaður, engin leiga, engar birgðir, lítill rekstrarkostnaður



Gaia ehf. | Sími: 499-0790 | www.gaia-ehf.is | gaia@gaia-ehf.is



...lausnin liggur í loftinu

Sjávarútvegsskýrsla Íslandsbanka fjallar um fiskeldi á Íslandi


Fiskeldi á Íslandi jókst nokkuð á milli árunna 2011 og 2012. Um 7.800 tonnum var slátrað árið 2012 samanborið við um 5.000 tonnum árið 2011. Aukninguna má aðallega rekja til laxeldis en 3.100 tonnum af laxi var slátrað árið 2012 samanborið við 1.100 tonnum árið 2011. Landssamband fiskeldisstöðva áætlað að um 4.000 tonnum af laxi verði slátrað á yfirstandandi ári. Búið er við áframhaldandi vexti á komandi árum en búið er að úthluta leyfum til að framleiða allt að 26.155 tonnum af laxi og regnbogasilungi í sjó.

Útflutningsverðmæti eldisfisks nam um 4,9 mö.kr. árið 2012 samanborið við um 3,6 ma.kr. árið 2011. Aukninguna má að mestu rekja til aukins verðmætis á útfluttum laxi en verðmætið jókst úr 1,2 ma.kr. árið 2011 í um 2,4 ma.kr. árið 2012.

Búast má við nokkurri aukningu í verðmæti á útfluttum laxi á hvert kg á yfirstandandi ári en verð á laxi hefur hækkað verulega frá áramótum 2012/2013. Verðið í ágúst 2013 stóð í um 42 NOK/kg eða sem nemur 840 ISK/kg. Framvirkt verð á laxi er þó lægra en núverandi verð sem þýðir að markaðurinn býst við verðlækkun.


Um þessar mundir virðist ríkja nokkur bjartsýni í íslensku fiskeldi. Framleiðsla er að aukast og svo virðist sem menn séu að ná betri tökum á eldinu en áður. Mesta aukning framleiðslu núna er á Vestfjörðum. Á

Mynd 39. Útflutningsverðmæti eldisfisks í milljónum króna á föstu verðlagi ársins 2012 (verðvísitala sjávarafurða)



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 40. Rekstrarleyfi til fiskeldis og friðunarsvæði laxfiska í sjó



myndinni má sjá að sjókvíeldisstöðvar eru að mestu við Vestfirði og Austfirði og má gera ráð fyrir að vöxturinn í fiskeldi verði að mestu á þessum tveimur svæðum.

www.islandsbanki.is/library/Skrar/Seafood-Reports/sjavarutvegsskyrsla-Lowres2.pdf



Náttúrulegt hágæða fiskafóður



Stuttar fréttir

- **TM og Fjarðalax** undirrituðu á dögunum umfangsmikinn váttryggingasamning vegna laxeldisstarfsemi fyrirtækisins. Fjarðalax hefur á undanförunum árum byggt upp öflugt laxeldi á sunnanverðum Vestfjörðum, nánar tiltekið í Tálknafirði, Patreksfirði og Arnarfirði og framleiða í dag sem nemur 4.000 tonnum. Fjarðalax sótti nýlega um nokkur þúsunda tonna aukningu á framleiðslu fyrirtækisins í Arnarfirði. Beðið er eftir niðurstöðu Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Tryggingamiðstöðin hefur nýlega hafið sölu á fiskeldistryggingum og ætlar að taka þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem er að eiga sér stað í þessari spennandi atvinnugrein.
- **Egersund Group** (<http://egersund.is>) og **Akva Group** gengu í dag frá samningi við fiskeldisfyrirtækið **Arnarlax** frá Bíldudal um afhendingu búnaðs til eldis. Undir samninginn rituðu þeir Víkingur Gunnarsson framkvæmdastjóri Arnarlax og Benedikt Ernir Stefánsson sölustjóri Egersund Island. Um er að ræða fyrstu eldisstöð fyrirtækisins í Arnarfirði af þrem og afhendist búnaðurinn í byrjun næsta árs. Ljóst er að mikið er framundan hjá Arnarlaxi á Bíldudal en fyrirtækið hefur 3.400 tonna leyfi í Arnarfirði. Arnarlax hefur þegar hafið seiðaeldi að Gileyri í Tálknafirði og verða fyrstu seiðin tilbúin næsta vor. Einnig hefur undirbúningur fyrir starfsemi fyrirtækisins í landi þegar hafist.



**Háskólinn
á Akureyri**

Nemar við Háskólann á Akureyri hafa skrifað fjölda verkefna er tengjast fiskeldi. Yfirlit yfir öll verkefni hefur verið safnað saman á eina slóð á vef háskólans sem er að finna hér að neðan.

<http://www.unak.is/sjavarutvegsmidstodin/rannsoknir-og-verkefni/lokaverkefni-nemenda>



Íslendingurinn Björgólfur Hávarðsson starfar nú hjá Steen-Hansen Havbruk í Noregi. Nýlega gaf hann út bók um ásætur á netpokum og eru upplýsingar um bókina á slóðinni hér að neðan.

<http://www.groeboken.no/>



**Egersund
Group**
Fishing - Aquaculture - Trade

Egersund Net AS
Svanavågen N-4370 Egersund
Tel: (+47) 51 46 29 60
Fax: (+47) 51 46 29 61
post@egersund-net.no
www.egersundgroup.no

**Netting | Nets | Anti-bird nets
Mooring equipment | Washing machines**

Sporðminkar og lausaganga laxa

Regnbogasilungur er sporðminkur!

Þegar regnbogasilungur var fyrst fluttur inn til landsins fyrir um 60 árum var allnokkur andstaða við innflutninginum. Margir höfðu áhyggjur af tjóni sem af hann gæti valdið í íslenskri náttúru. Þeir sem voru tegundinni ekki sérstaklega vinveittir kölluðu regnbogasilung sporðmink. Því er ekki að neita að stangveiðimenn geta stundum verið orðheppnir. Hér er líkingin minkur en hann hafði á þessum tíma sloppið úr búrum og valdið miklu tjóni í íslenskri náttúru. Sem betur fer hefur sporðminkurinn ekki valdið varanlegu tjóni í íslenskri náttúru þátt fyrir á tímum umfangsmikilla slysasleppinga.

Frjálsir eldislaxar

Áfram halda málsvarar veiðiréttaeigenda að skrifa um laxeldi í blöð. Þann 9. september birtist grein í Morgunblaðinu undir heitinu „Lausaganga norska eldis-

laxa úr sjókvíaeldi við Ísland”. Í greininni kemur meðals annars fram að „við leyfisveitingar liggur fyrir sú vitneskja að einn lax sleppur fyrir hvert tonn sem alið er. Ef öll umbeðin leyfi verða veitt liggur því fyrir að tugþúsundir norska strokulaxa verða frjálsir við Íslandsstrendur”. Hér er nú full sterkt tekið til orða en ekki farið í að færa rök fyrir því að þessu sinni. Væntanlega er samlíking um lausagang eldislaxa sótt í lausagang búfjár, en sumum bændum hefur reynst erfitt að halda skepnunum réttum megin við girðinguna.

Vanda skal til verka

Það getur verið sameiginlegt markmið veiðiréttaeigenda og laxeldismanna að halda laxinum inn í kvínni og koma í vega fyrir lausagang og óþarfa frjálsræði eldislaxa. Það er mikilvægt að laxeldismenn með fyrirbyggjandi aðgerðum komi í vegna fyrir lausagang norskra eldislaxa og að þeir sækji upp í íslenskar laxveiðiár. Eldislax hefur ekkert að gera í íslenskum laxveiðiám.

Stuttar fréttir

- Reglulega birtast fréttir af fiskeldi á vefmiðlinum kvotinn.is. Þann 17. september birtist greinin „**Sjókvíaeldi HG á byrjunarreit á ný**”. Umsókn Hraðfrystihússins – Gunnvarar h.f. (HG) um stækkun á fiskeldi sínu í Ísafjarðardjúpi er nú á byrjunarreit á ný tæpu einu og hálfu ári í eftir að Skipulagsstofnun úrskurðaði að tilkynningin þurfti ekki í umhverfismat. Sú ákvörðun var kærð til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem eftir rúmt ár vísaði því til baka til Skipulagsstofnunar sem þá þarf að taka ákvörðun um umhverfismat á ný.

Einfalda þarf ferli leyfisveitinga og eftirlits í sjókvíaeldi

Ferli vegna umsókna um fiskeldi í sjó hér á landi er bæði langt og flókið og ekki eins skilvirkt og í nágrannalöndum okkar sem slíkt fiskeldi stunda. Tíminn sem líður frá umsókn til útgáfu starfsleyfis, eða höfnunar þess, getur verið mun lengri hér, enda eru ekki skýr tíma-

mörk á ferlinu. Svipaða sögu er að segja af eftirliti með fiskeldinu eftir að starfs- og rekstrarleyfi hafa verið gefin út. Það er flókið og skarast í mörgum tilfellum. Þetta kemur fram í skýrslu sem Gerður Guðmundsdóttir hefur tekið saman

fyrir Landssamband fiskeldisstöðva. Það kom meðal annars fram á kynningarfundum sem Landsamband fiskeldisstöðva hélt í byrjun september. Nánari upplýsingar eru að finna í fréttatilkynningu á vef Landssambands fiskeldisstöðva.




Kristófer Júlíus Leifsson



Hluti þátttakenda í fundarsal hjá Hafrannsóknastofnun.

<http://lfh.is/documents/Einfaldaferli-leyfisveitingaogeftirlitsvegna sjókvíaeldis sept2013 Loka.pdf>



Gerður Guðmundsdóttir

9:00 Afhending gagna

Fimmtudagurinn 21. nóvember

kl. 10.00

Íslenskur sjávarútvegur

Fundarstjóri: Inga Jóna Friðgeirsdóttir

- Setning, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands
- Ávarp sjávarútvegsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson
- Hefur verðmæti aflu aukist? Framboð, framleiðsla og sala íslenskra sjávarafurða, horfur 2014 og heimsframboð sjávarfangs, Kristján Hjaltason
- Stefnumótun í íslenskum sjávarútvegi, Þór Sigfússon
- Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi, Magnús Bjarnason
- Afhending framúrstefnuverðlauna, Hjálmar Sigurþórsson

12:00-13:00 Matur

Málstofa A1 | Gullteigur

Hvernig eru helstu stofnanir sjávarútvegsins að þjóna greininni?

Málstofustjóri: Sigurgeir Þorgeirsson

- Yfirlit yfir helstu stofnarnir sjávarútvegs og fiskeldis, Hreiðar Þór Valtýsson
- Leiðbeinandi, Guðmundur Smári Guðmundsson
- Stoðkerfi sjávarútvegs út frá sjónarhóli smábátaeigenda, Örn Pálsson
- Stoðkerfi sjávarútvegs út frá sjónarhóli frumkvöðla, Davíð Freyr Jónsson
- Stoðkerfi sjávarútvegsins – Eftirlitsstarfsemi, Pétur Reimarsson

14:45-15:15 Kaffi

Málstofa A2 | Gullteigur

Flutningur á ferskum fiski

Málstofustjóri: Bylgja Hauksdóttir

- Leiðir til bættrar hitastýringar við sjó- og flugflutning á ferskum fiski, Björn Margeirsson
- Leiðarkerfi í flugi skapar einstakt tækifæri fyrir íslenskan ferskan fisk, Gunnar Már Sigurfinnsson
- Ferskur fiskur og flutningaþróun, Brynjar Viggósson
- Logistic viewpoint from the buyer's side, Andrei Kouznetsov

17:00-19:00 Móttaka í boði Landsbankans

Föstudagurinn 22. nóvember

kl. 9.00

Málstofa A3 | Gullteigur

Heimsframboð samkeppnistegunda botnfiska

Málstofustjóri: Einar K. Guðfinnsson

- Heimsframboð, Lúdvík Börkur Jónsson
- Barentshafsporskur, Sturlaugur Haraldsson
- Alaska ufsi, Magnús Gústafsson
- Tilapia, Steindór Sigurgeirsson

10:30-11:00 Kaffi

Málstofa A4 | Gullteigur

Umhverfis- og upprunamerki, samkeppni eða samherjar?

Málstofustjóri: Jónas R. Viðarsson

- Umhverfismerki, kröfur í hverfulum heimi, Gísli Gíslason
- Ábyrgar fiskveiðar, Guðný Káradóttir
- Reynsla Sæmarks af markaði, Svavar Þór Guðmundsson
- Að hafa góða sögu að segja, Gunnlaugur Sighvatsson

12:30-13:00 Kaffi

Málstofa A5 | Gullteigur

Sameiginlegt markaðsstarf

Málstofustjóri: Erla Kristinsdóttir

- Sameiginlegt markaðsstarf saltfiskframleiðenda, Skjöldur Pálmason
- Vitund og mynd íslensks saltfisks á Spáni. Niðurstöður meistara-verkefnis, Kristinn Arnarson
- Á sömu bókina lært - Samanburður við aðrar greinar, Eggert Benedikt Guðmundsson
- Alaska Seafood Marketing, why branding matters, Tyson Fick

14.45 Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2014 o.fl.



Grand Hótel Reykjavík 21. – 22. nóvember

12:00-13:00 Matur

Málstofa B1 | Hvammur

Sjávarlíftækni – Hvað er í hendi?

Málstofustjóri: Hólmfríður Sveinsdóttir

- Hvað er að gerast í heiminum – Hvað getum við af þeim lært? Hörður Kristinsson
- Saga Zymetech - frá rannsóknum til afurða á markaði, Ágústa Guðmundsdóttir
- Líftæknafurðir úr þörungum, Rósa Jónsdóttir
- Lýsifurðaiðnaðurinn, Baldur Hjaltason

14:45-15:15 Kaffi

Málstofa B2 | Hvammur

Hvalveiðar og ferðaþjónusta, samkeppni eða samherjar?

Málstofustjóri: Helga Sigurrós Valgeirsdóttir

- Hvalveiðar, átök og stjórnsýslan, Halldór Ásgrímsson
- Nýlegar breytingar á útbreiðslu og stofnstærðum hvala við Ísland, Gísli Víkingsson
- Sjónarmið hvalskoðunar fyrirtækja, Rannveig Grétarsdóttir
- Áhrif hrefnuveiða á hvalaskoðun og almennt á ferðaþjónustuna á Íslandi, Gunnar Bergmann Jónsson

17:00-19:00 Móttaka í boði Landsbankans

Málstofa B3 | Hvammur

Deilistofnar = Deilustofnar?

Málstofustjóri: Kolbeinn Árnason

- Sveiflur og breyttar göngur deilistofna í norðaustanverðu Atlantshafi, Jóhann Sigurjónsson
- Yfirlit yfir núverandi samninga deilistofna og þar sem ekki eru samningar, Kristján Freyr Helgason
- Allocation of shared and straddling stocks. Experiences from the North East Atlantic, Kjartan Hoydal
- Núverandi staða og framtíðarsýn um leiðir að samkomulagi um nýtingu stofna, Helgi Áss Grétarsson

10:30-11:00 Kaffi

Málstofa B4 | Hvammur

Eru tegundafalsanir og efnanotkun vandamál í íslenskri fiskvinnslu?

Málstofustjóri: Sjöfn Sigurgísladóttir

- Hvaða heimildir hafa stjórnvöld til að koma í veg fyrir að gallaðar afurðir fari úr landi, Jón Gíslason
- Orðsporsáætta: Erðafraði, skolprör og Meryl Streep, Sveinn Margeirsson
- Blekkingar og svindl - hverra hagur? Garðar Sverrisson
- Alþjóðlegir gagnagrunnar, Grímur Valdimarsson

12:30-13:00 Kaffi

Málstofa B5 | Hvammur

Þróun í vinnslutækni

Málstofustjóri: Sigurjón Arason

- Þróun í uppsjávarvinnslu á Íslandi, Sindri Sigurðsson
- Vinnslutækni bolfisks, Torfi Þorsteinsson
- Sjálfvirkni í vinnslu á ferskum bolfiski, Helgi Hjálmarsson
- Fiskvinnsla framtíðar – Nýting, hráefnismeðhöndlun og sjálfvirkni, Kristján Hallvarsson

Fiskeldi í köldum strandsjó Íslands

- tækifæri og ógnanir -

Ráðstefna í Félagsheimili Patreksfjarðar

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða - Vaxtarsamningur Vestfjarða - Fiskeldisklasi Vestfjarða



Hluti ráðstefnugesta, en á ráðstefnuna mættu um 170 gestir frá fiskeldisfyrirtækjum, sjávarútvegsfyrirtækjum, stjórnsýslu, rannsóknastofnunum og frá ýmsum þjónustugreinum.

Aðstandendur og skipuleggjendur ráðstefnunnar „Fiskeldi í köldum strandsjó Íslands“ eru hæstánægðir með mætingu og viðtökur ráðstefnugesta. Samhliða ráðstefnunni var haldin vörusýning þjónustufyrirtækja frá Íslandi, Noregi og Færeyjum í fremri sal félagsheimilisins.

Á ráðstefnunni skrifuðu Shiran Þórisson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Víkingur Gunnarsson framkvæmdastjóri Arnarlax undir samning vegna laxabitaframleiðslu Arnarlax á Bíldudal.

Vegna þess hversu góðar viðtökur ráðstefnan fékk hefur Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Fiskeldisklasi Vestfjarða í hyggju að endurtaka slíkan viðburð með reglulegum hætti á komandi árum.

Erindi á ráðstefnunni má nálgast á vef Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.



Geir Helge Johnsen frá Noregi, einna af þremur erlendum fyrirlisurum á ráðstefnunni.



Skipuleggjendur ráðstefnunnar

<http://www.atvest.is/efni.asp?m=56>